

Árskýrsla 2017



VETUR

Árið 2017 hófst með því að yfirumsjón með Hrafnseyri og starfsemi staðarins var flutt úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu í forsætisráðuneytið, þar sem hún ávallt hafði verið frá stofnun Hrafnseyrarnefndar árið 1945. Árið 2011, á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, var ákveðið að gera Hrafnseyri að mennta- og menningarsetri. Í tilefni þess þótti rökrétt að yfirumsjón með staðnum heyrði undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og ný framkvæmdarnefnd yrði valin í stað þáverandi Hrafnseyrarnefndar til þess að sjá um árlegan rekstur staðarins. Eins og ég hef áður vikið að hefur forsætisráðuneytið því aftur yfirumsjón með Hrafnseyri.

Ráðstefna og greinaskrif



Dagana 7. og 8. janúar hélt staðarhaldari fyrirlestur á ráðstefnu sem kallaðist „*Participatory Research: Working and Communicating with Communities: Reflecting on 'A Cross-Cultural Working Group on „Good Culture“ and Precariousness*“, sem haldin var í Lancaster háskólanum í Newcastle á Englandi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið á þakkir skildar fyrir að hafa styrkt ferð hans á

ráðstefnuna, því með þátttöku sinni var honum boðið að skrifa grein í tímaritið „*Global Discourse. An Interdisciplinary Journal of Current Affairs and Applied Contemporary Thought*“, sem byggði á fyrirlestri hans. Hann hófst þegar handa við gerð greinarinnar sem aðallega stóð yfir tímabilið febrúar-apríl. Fullnaðarvinnslu greinarinnar lauk svo um miðjan júní, en opinberlega kom hún út í janúarbyrjun árið 2018, undir heitinu „*Affective Collaboration in The Westfjords of Iceland*“ í Volume 7, issue 4, 2017, bls. 548 – 564 (sjá: <https://www.tandfonline.com/toc/rgld20/7/4?nav=tocList>).

Eins og fyrsta orðið í nafni greinarinnar gefur til kynna fjallar hún m.a. um hugtakið „Affect“, eða „Hríf“, eins og við höfum þýtt það á námskeiðum okkar hér á Hrafnseyri fyrir meistara- og doktorsnema í þjóðfræði, mannfræði, listfræði og safnafræði við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Þar höfum við skoðað hvernig hægt sé að nota þetta hugtak í rannsóknum og annarri greiningarvinnu á söfnum og sýningum og við gerð listaverka. Í kennslunni höfum við notið leiðsagnar bestu kennara sem völ er á í þessum efnum frá Bandaríkjunum, Kanada og Íslandi. Hrafnseyri er með ljósleiðaratengingu og þannig vel nettengd. Þess vegna höfum við einnig notið fjarkennslu gegnum Skype hjá kennurum sem sitja í London og Toronto og öðrum háskólum beggja vegna Atlantshafsins.

„Verkefnið „Sagnabrunnur Vestfjarða“.

„Sagnabrunnur Vestfjarða“ er verkefni í formi vefsíðu þar sem mögulegt er að lesa sögur og sagnir af lífi fólks á Vestfjörðum. Vefsíðan verður opin öllum. Allir geta sent inn sögur og sagnir af lífi fólks hér af svæðinu. Flestir geta því lesið þessar sögur og sagnir sem safnast í Sagnabrunninn sér til ánægju, eða notað þær að eigin vild. Þannig geta forráðamenn jafnt sem nemendur grunn- og framhaldsskóla og annarra sambærilegra stofnana haft gagn og gaman af, sem og starfsfólk í ferðaþjónustu sem getur notað slíkar sagnir til kynningar á staðháttum fyrir ferðamenn.

Vissulega er hægt að lesa um líf fólks og atburði sem gerst hafa í þeim fáu rannsóknarskýrslum sem gerðar hafa verið um Vestfirði. Þar má auk þess nefna annála, dagbækur og viðlíka rit og þá mikið safn upplýsinga í óbirtu efni í skjalasöfnum og einkaeigu. Það er einkum þetta síðasttalda efni sem Sagnabrunnurinn á að halda utan um og veita fólki innsýn í.

Prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar hefur ákveðið að greiða tæknilega uppsetningu vefsins en einnig var sótt árangurslaust um styrki til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða og fleiri sjóða til söfnunar efnis, bæði síðastliðið ár og í sumar. Ætlunin er að sækja aftur um í haust, því við teljum þetta verkefni brýnt og ætti því að vera í forgangi.

Fundur var haldinn í lok janúar með fulltrúum frá Byggðasafni Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Skóbúðinni Hversdagssafni, Háskólasettri og Fræðslusettri Vestfjarða, þar sem fram komu góðar ábendingar um framkvæmd verkefnisins.

Ýmis konar starfsemi.

Einhverjir kunna að spyrja hvort rannsóknir og tilheyrandi ritgerðarskrif í ritrýnd tímarit, ásamt söfnun áður óbirts efnis frá einstaklingum og opinberum skjalasöfnum eigi að heyra undir starfsemi Hrafnseyrar. Því er til að svara að staðarhaldari var ráðinn til að tengja Hrafnseyri og starfsemi staðarins við háskólasamfélagið styrkari böndum en áður hafði verið gert. Sem mannfræðingi að mennt liggur það í hlutarins eðli að núverandi staðarhaldari tengi staðinn og starfsemina þar að einhverju leyti við mannfræðina. Það kemur þó ekki í veg fyrir samstarf við annað fagfólk úr háskólasamfélaginu til að setja á stofn ýmis konar ráðstefnur, málstofur, námskeið bæði á Hrafnseyri og annars staðar, eins og starfsemin undanfarinna ára ber vitni um. Í því sambandi má nefna fornleifauppgröft á Hrafnseyri og náubabænum Auðkúlu, auk námskeiða um söfn og sýningar undanfarin ár, ráðstefnur um Hrafn Sveinbjarnarson, tónskáldið Ólaf á Söndum og fleira. Þar hefur verið leitað eftir samstarfi við fornleifafræðinga, safnfræðinga, sagnfræðinga, tónlistarfræðinga og aðra fræðimenn, bæði innanlands og utan. Ennfremur má nefna að Hrafnseyri hefur einnig aðstoðað fólk og stofnanir hér á Vestfjörðum bæði við rannsóknir, námskeið og ráðstefnuhald. Sagnabrunnurinn, er enn eitt dæmi um hvernig Hrafnseyri vinnur að góðu verkefni bæði fyrir háskólasamfélagið og ekki síst fyrir almenning á svæðinu. Það verkefni verður hvorki staðsett á Hrafnseyri né undir stjórn þess nema til að byrja með.

Fundur var haldinn með Dr. Guðmundi Hálfðanarsyni og Jón Sigurðssyni prófessor ásamt þeim Salvöru Nordal og Vilhjálmi Árnasyni frá heimspekideild Háskóla Íslands. Á fundinum var ákveðið að hafa þriggja daga vinnustofunámskeið á Hrafnseyri 2018 fyrir doktorsnema í sagnfræði- og heimspekideild við Háskóla Íslands, í tengslum við aldarafmæli fullveldis landsins það ár. Á námskeiðinu verður aðallega fjallað um hugtakið lýðræði.

Ársskýrsla 2016 fyrir Hrafnseyri var unnin á vormánuðum auk greinaskrifa fyrir Global Discourse tímaritsins en líka afmælisrit á íslensku og ensku fyrir 10 ára afmæli Sumarháskólans á Hrafnseyri 2006 – 2016.

Heimsókn í Háskólann í Cork á Írlandi.



Á ráðstefnunni í byrjun janúar í Newcastle, var fólk frá háskólanum í Cork á Írlandi, sem hafði sett á stofn áhugavert tilraunaverkefni. Í stað þess að fá nemendur frá fámennum landshéruðum suðvestur Írlands til náms í háskólabænum Cork í suðausturhluta landsins, er ætlunin að flytja hluta námsins smám saman frá háskólanum út í landshéruðin. Tengja námið beint við þessi héruð, og stuðla að lífvænlegra viðurværi bæði fyrir nemendur og það fólk sem

lifir og starfar í þessum héruðum. Þetta módel er sérstaklega áhugavert með tilliti til starfsemi Sumarháskólans á Hrafnseyri og Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði. Þann 2. apríl fór staðarhaldari því á eigin vegum til Írlands til að kynna sér þessa starfsemi, sem leitt hefur til þess að Háskólinn í Cork hefur sýnt áhuga á að heimsækja Hrafnseyri til þess að segja fólki hér á svæðinu frá því sem þeir eru að gera á Írlandi.

Vert er að geta þess að fyrirverandi nemandi á námskeiði Sumarháskóla Hrafnseyrar óskaði eftir því að koma til Hrafnseyrar eftir páska (18. apríl) með nemendur sína frá Listaháskóla Íslands og dvelja í nokkra daga við listræna sköpun. Samtímis óskaði Vegagerð Ríkisins eftir því að halda opinbera athöfn í Hrafnseyrarkapellu (20. apríl), þar sem samningurinn um gerð Arnar- og Dýrafjarðarganga yrði undirritaður. Báðar þessar óskir urðu því miður ekki að veruleika. „Það vantar göngin“, komst einn eins og einn vegagerðarmannanna að orði, þegar hann tilkynnti að ekkert yrði af undirskriftinni á Hrafnseyri. Ástæðan var sú að Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði voru báðar lokaðar vegna fannfergis. Skrifað var því undir samninginn í Reykjavík. Vegagerðin ákvað í staðinn að fyrsta skóflustungan að göngunum yrði tekin 13. maí, með tilheyrandi ræðuhöldum og kaffi á Hrafnseyri. Einnig frestuðu nemendur Listaháskólans dvöl sinni á Hrafnseyri fram til 8. maí. En allt kom fyrir ekki, því heiðarnar voru þá enn lokaðar. Ekkert varð því úr skóflustungunni eða kaffisamsætinu á Hrafnseyri, og nemendur Listaháskólans komust heldur ekki á staðinn. Ennfremur varð ekkert úr fundi Samtaka Fiskvinnsluhúsa á Vestfjörðum, sem halda átti 11. maí á Hrafnseyri af sömu ástæðu. Það er því alveg ljóst að þrátt fyrir góða legu staðarins á miðjum Vestfjörðum, mun Hrafnseyri ekki verða sá fundarstaður fyrir fólk, stofnanir og félagasamtök sem hann getur orðið, fyrr en Arnar- og Dýrafjarðargöng verða orðin að veruleika.

Í byrjun apríl bað staðarhaldari Halldór Smárason tónskáld um að semja tónverk í tilefni aldarafmæli fullveldis og sjálfstæðis Íslands 2018, og flytja það 17. júní það ár á Hrafnseyri. Um haustið var sótt um styrk til afmælisnefndarinnar og Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða til að semja og flytja tónverkið.

24. apríl var haldinn fundur í Reykjavík með dr. Guðmundi Hálfðanarsyni, dr. Hlyni Helgasyni og dr. Sigurjóni B. Hafsteinssyni við Háskóla Íslands, þar sem lagt var á ráðin um hvernig best væri að haga næstu vinnustofu um „Hrif“ (Affect) og sýningar“ sem halda á 25. – 27. ágúst. Fyrir tilstuðlan Gregory Seigworth, sem kenndi námskeiðið haustið 2016, var Dr. Jennifer Fisher frá Toronto háskólanum í Kanada fengin til að kenna það í ár. Kennsla, ferð og uppihald er greidd af prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar.

26. apríl var fundur um Sagnabrunn Vestfjarða með fulltrúum frá Byggðasafni Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Skóbúðinni Hversdagssafn og Háskólasetri þar sem staðarhaldari lagði fram tillögu sína að umsókn til Uppbyggingarsjóðs, en auglýst hafði verið eftir aukaumsóknum í sjóðinn fyrir 7. maí. Í framhaldi af þessum fundi var umsókn send til sjóðsins, þar sem óskað var eftir styrk til að ráða einstakling í 4 mánuði til að skipuleggja vefinn og athuga hvar helst væri að finna efni (þ.e. í söfnum, áttthagafélögum og hjá einstaklingum). Staðarhaldari hafði einnig fund með nýjum forstöðumanni Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, Elvu S. Hermannsdóttur, sem stakk upp á þeirri góðu hugmynd að stofna til námskeiða fyrir eldra fólk á svæðinu, sem safna skyldi sögum og sögnum af Vestfjörðum í Safnabrunninn.

Um svipað leyti var lokið við afmælisritið „Sumarháskólinn á Hrafnseyri 10 ára, 2006 – 2016“ og það sent til prentunar, en prófessorsembætti Jón Sigurðssonar greiddi fyrir undirbúning og prentun þess. Ýmiss konar upplýsingar voru einnig stöðugt sendar á þessu tímabili til þátttakenda vinnustofunnar „Hrif (Affect) og sýningar“.

Eftir að Hrafnseyrarheiði var opnuð um miðjan maí, var farið til Hrafnseyrar og kom þá í ljós að ytri hurðin á gömlu kirkjunni hékk á efri hjörunum eftir óveður sem riðið hafði yfir nokkru fyrr. Eftir að lokið var við að þrifa staðinn og flytja allt hafurtask sem þarf til fjögurra mánaða útilegu, vorum við hjónin alkomin til Hrafnseyrar þann 27. maí. Grunnskóli Ísafjarðar kom svo að venju með nemendur úr 7. og 8. bekk þann 30. maí. Skiltin við veginn voru síðan sett upp og fánastangir reistar. Þann 1. júní var svo Safn Jóns Sigurðssonar opinberlega opnað, eins og undanfarin ár.

Sumarstarfssemin á Hrafnseyri

Sumarvinnan á Hrafnseyri hefst ávallt með því að slá grasið kringum húsin og kerfilinn í nágrenni bæjarins, auk þess sem snyrta verður staðinn fyrir hátíðarhöldin á Þjóðhátíðardaginn 17. júní. Yfirleitt gengur þetta ekki snurðulaust fyrir sig. Á þessum háannatíma bilaði þannig bæði sláttuvélin og tölvusamskiptin við staðinn og þurfti því að kalla til viðgerðarfólk frá Þingeyri og Ísafirði til að koma þessum tækjum í lag. Fram til 12. júní skiptumst við hjónin á að vera í móttöku safnsins og sjá um kaffisöluna í burstabænum, en þá kom Herdís Jónsdóttir starfsmaður á safni, og gat ég þá einbeitt mér að vinnu utanhúss og fleira því tengdu.

6. júní hélt stjórn svæðisnefndar Rauða Kross Íslands á norðanverðum Vestfjörðum fund á Hrafnseyri, þar sem meðlimir úr stjórnnum sex félaga þess komu saman og ræddu störf sín í félögunum og verkefnin sem þau starfa sameiginlega að.

Tveim dögum seinna komu svo starfsmenn frá forsætisráðuneytinu í heimsókn á Hrafnseyri til að kynna sér aðstæður.

Þann 15. júní var grein staðarhaldara, sem hann nefnir „*Affective Collaboration in the Westfjords*“ endanlega skilað til tímaritsins „*GLOBAL DISCOURSE. An Interdisciplinary Journal of Current Affairs and Applied Contemporary Thought*“.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní

Það rigndi mikið allan þjóðhátíðardaginn og stytta aldrei upp. Vegna veðursins varð aðsókn að hátíðardagskránni því minni en undanfarin ár, eða kring um 250 manns. Dagskrá hátíðarinnar fór líka fram að öllu leyti innandyra í hátíðarkapelli staðarins og hófst með messu kl. 13:00. Þar þjónaði sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir Þingeyrarprestakalli fyrir altari og sr. Elín Salóme Guðmundsdóttir prestur í Patreksfjarðarprestakalli prédikaði. Kirkjukór Þingeyrarprestakalls söng við undirleik Jóns Gunnars Biering Margeirssonar, sem einnig lék klassíska tónlist á gítar milli dagskráratriða. Hátíðarræðuna hélt Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.



Síðan fór fram Háskólahátíð Háskóla­seturs Vestfjarða í tilefni útskriftar háskólanema að viðstöddum rektor Háskólans á Akureyri, dr. Eyjólf­ Guðmundssonar og Peter Weiss forstöðumanns Háskóla­seturs Vestfjarða. Þeir útskrifuðu nemendurna, að viðstöddum dr. Guðmundi Hálf­danarsyni, sem gegnir prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands, en sá síðasttaldi var einnig kynnir dagskrárinnar. Myndlistarmaður

sumarsins var Jón Laxdal, en verk hans voru til sýnis í burstabænum. Loks má geta þess að börnum var boðið á hestbak eins og venja hefur verið, undir leiðsögn fólks úr Hestamannafélaginu Stormi á Þingeyri. Jafnframt var rútuferð, Ísafjörður – Hrafnseyri, fólki að kostnaðarlausu í boði Háskóla­seturs Vestfjarða, eins og undanfarin ár. Síðast en ekki síst var kaffi og afmælisterta í boði Hrafnseyrar á meðan dagskráin stóð yfir, en einnig var hægt að kaupa súpu með brauði. Dagskránni lauk svo kl. 17:00.

10.000 trjáplöntum plantað í landi Hrafnseyrar



Daginn eftir Þjóðhátíðardaginn komu 7 ungmenni frá Spáni, Skotlandi, Úkraínu, Slóveníu, Englandi og Bandaríkjunum til Hrafnseyrar. Þau dvöldu í viku­ tíma og unnu sjálfboðavinnu við að setja niður 10.000 trjáplöntur innan girðingar norðan til við safnið. Það er því ljóst að trjágróður mun aukast verulega á þessu svæði á næstu 20 árum. Ungmennin voru undir stjórn tveggja ungra manna sem eru að athuga möguleikann á að fara með hópa göngufólks frá Látrabjargi til Ísafjarðar á sumrin, með Hrafnseyri sem mið- og hvíldarpunkt. Þar er ætlunin að dvelja í 1-2 daga í hverri ferð.

Í fyrri hluta júlí mánaðar stíflaðist klósettleiðslan frá burstabænum og þurfti að kalla á klóakbílinn frá Ísafirði tvisvar sinnum, því stíflan var ekki almennilega losuð í fyrra skiptið. Þetta varð stærsti óvænti kostnaðarliður sumarsins í rekstri staðarins, sem ekki var gert ráð fyrir í árlegri fjárhagsáætlun Hrafnseyrar og varð m.a. til þess að rekstur staðarins fór 310.936 kr. fram yfir fjárheimildir (sjá kaflann Fjármál.)

Það sem einkenndi júní og fyrri hluta júlí mánuð öðru fremur var að færra erlent ferðafólk heimsótti Hrafnseyri nú en undanfarin ár. Þetta á við um sýningu Jóns Sigurðssonar og kaffi og meðlæti í kaffistofu burstabæjarins. Hár aðgangseyrir (800 kr.) – eftir því sem fólki fannst – varð oft þess valdandi að það ákvað að sleppa sýningunni. Ef það fékk sér kaffibolla í burstabænum, keypti það oft einungis eina kökusneið með kaffinu, sem það skipti á milli sín (2-4 manneskjur). Þar að auki féllu niður boðaðar hópferðir á staðinn frá nokkrum ferðaskrifstofum.

Styrking Íslensku krónunnar gagnvart öðrum gjaldmiðlum á þessum tíma var sú mesta í marga áratugi samkvæmt Hagstofunni og hafði því mikið að segja í þessu sambandi, auk þess sem áhrifa kosninganna um úrsögn Breta úr Efnahagsbandalaginu árið áður (í júní 2016) - þ.e. hið svokallaða Brexit - og fall breska sterlingspundsins í kjölfarið, var farið að gæta meðal ferðafólks frá Englandi.

Í júlí mánuði, þegar flestir gestir heimsækja staðinn að jafnaði, komu því aðeins 409 gestir á sýninguna um Jón Sigurðsson. Samanlagt í júní og júlí sáu aðeins 631 gestir sýninguna, eða 22 gestum færra en sáu hana í júlímánuði árið áður. Allt varð þetta til þess að staðarhaldari ákvað, með samþykki ráðuneytisins, að veita fólki frían aðgang á sýninguna frá 1. ágúst og út sýningartímabilið. Það olli fjölgun sýningargesta í 883 í ágúst mánuði.

Íslendingar voru flestir gesta sem sáu sýninguna um Jón Sigurðsson, eða 630 að tölu, en næstfjölmennastir, eða 208 manns, komu frá Bandaríkjunum. Í þriðja sæti var svo 170 Þjóðverjar. Hinir 642 gestir voru frá 35 löndum.

Heildarfjöldi gesta sem skoðuðu sýninguna um Jón Sigurðsson varð þess vegna **1.650** manns, sem er 313 gestum fleiri en árið áður, og þakka má ákvörðuninni sem tekin var í ágúst um að hafa frían aðgang að sýningunni. **3.300** gestir keyptu kaffi í burstabænum, sem er 200 gestum færra en árið áður. Reiknað er með að um það bil **1.000** manns heimsæki Hrafnseyri að meðaltali yfir sumarið án þess að fara inn á sýninguna eða kaupa kaffi.

Heildarfjöldi gesta sem komu á Hrafnseyri árið 2017 urðu því um það bil **5.950 manns**.

Sumarháskólinn

„Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða“, er verkefni sem rekja má til Akurskóla Íslenskudeildar Manítóbaháskóla í Kanada og sumarnámskeiða á Vestfjörðum árin 2007–2015, sem haldin voru í samvinnu við Háskólasetur Vestfjarða og Hrafnseyri. Hér er um að ræða bókmenntaverkefni sem felur í sér að kortleggja og skrá allar þær bókmenntir sem Vestfirðir og byggðarstaðir þeim tengdir, koma fyrir í bókmenntum. Mörg af lykilverkum íslenskra bókmennta eru einmitt sviðsett hér á svæðinu. Þá er átt við Íslendingasögur og íslenskar nútímabókmenntir eins og t.d. Heimsljós Halldórs Laxness, ljóð Höllu Eyjólfsdóttur, sem og skáldsögur Jóns Kalmans og Eiríks Guðmundssonar. Í lok þessa verkefnis er ætlunin að gefa út sérstakt bókmenntakort yfir Vestfirði, sem gæti gagnast öllu fólki sem áhuga hefur á bókmenntum, ýmiss konar stofnunum (t.d. framhalds- og háskólum), ferðaþjónustuaðilum, innlendum og erlendum fræðimönnum, bókmenntanemum og rithöfundum.

Verkefnastjórar verkefnisins eru bókmenntafræðingarnir dr. Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason. Dr. Birna er fyrrum forstöðumaður Íslenskudeildar Manítóbaháskóla og starfar nú sem sérfræðingur við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Háskóla Íslands, en Ingi Björn er verkefnisstjóri Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði.



Laugardaginn 29. júlí stóðu þau fyrir opinberri kynningu á verkefninu í formi málstofu á Hrafnseyri. Í tilefni kynningarinnar hélt Viðar Hreinsson mag. art. erindi um Jón lærða og skapandi náttúru. Viðar er sjálfstætt starfandi bókmenntafræðingur sem lengi hefur unnið að rannsóknum á íslenskri bókmennta- og menningarsögu. Hann hefur birt fjölda fræðigreina og ritað þrjár ævisögur, þar á meðal ævisögu Stephans G. Stephanssonar. Ungur

bassasöngvari, Aron Ottó Jóhannsson, söng glæsilega fáein lög við undirleik Péturs Ernís Svavarssonar, en fundarstjóri var Valdimar J. Halldórsson mag. art. og staðarhaldari á Hrafnseyri.

Hugmyndin um að bjóða gesti til dvalar yfir sumartímann á Hrafnseyri við ritstörf í eina til fjórar vikur hefur oft komið til tals. Í ár dvaldi hjá okkur **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** við skriftir í þrjár vikur og lét mjög vel af dvölinni.

Einnig ber að nefna **rannsóknar- og verkefnisstyrk** frá prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar til Rönu Campbell. Verkefni hennar var „Þjóðmyndir“, sem staðarhaldari aðstoðaði hana við að sækja um.

Vinnustofan „Hrif (Affect) og sýningar“, 25. – 27. ágúst.



Eins og áður er nefnt var það fyrir tilstillan Gregory Seigworth, prófessors við Millersville háskólann í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum sem kenndi fyrsta námskeiðið um „Hrif“ (þ.e. Affect) á Hrafnseyri haustið 2016, að prófessor Jennifer Fisher við York háskólann í Toronto í Kanada, ákvað að koma til Hrafnseyrar haustið 2017 og standa fyrir námskeiði um „Hrif og Sýningar“. Námskeiðið var haldið 25. – 27. ágúst, og fjöldi þátttakenda voru 14 nemendur. Níu þeirra komu

frá Háskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og fleiri stofnunum í Reykjavík, en fimm komu frá Ísafirði. Námskeiðið var ákaflega vel heppnað og þátttakendur sérlega samstilltur og áhugasamur hópur. Einnig er vert að nefna, að þar sem Hrafnseyri er með beina ljósleiðaratengingu, ræddu nemendur gegnum Skype við aðra áhugaverða kennara eins og t.d. Gabriel Levine frá York háskóla, Toronto, Kanada, Helena Reckitt, Goldsmiths háskólanum í London, og Jim Drobnick, The Ontario College of Art and Design University (OCAD), Toronto, Kanada. Það má því til sanns vegar færa að nemendur hafi fengið þá bestu kennslu um þetta tiltekna efni sem völ er á í heiminum í dag.

Námskeiðshald, eins og fram fer í Sumarháskólum á Hrafnseyri, er því skólabókardæmi um að góð kennsla fer ekki eftir því í hvaða landi hún sé stunduð, né heldur hvort hún fari fram í stórborg eða á einangruðum stað út á landi, svo fremi sem kennslustaðurinn sé vel nettengdur. Öllu máli skiptir hins vegar hvort þar sé kennt áhugavert og aðkallandi efni, sem hafi breiða skírskotun til nemenda í mörgum fögum. Það er eitt af því sem einkennir rannsóknir sem byggja á kenningum um „hrif“ (affect). Þær rannsóknir fjalla ekki aðeins um þau áhrif sem fólk verður fyrir, þegar það skoðar áhugaverð listaverk eða sögur á sýningum og söfnum (t.d. sýninguna um Jón Sigurðsson) eða lifir í fjölmennningarlegu samfélagi, heldur líka þegar það fer á íþróttaviðburði, pólitíska fundi, trúarsamkomur, hljómléika, leikrit eða myndir í kvikmyndahúsum, sjónvarpi, tölvu eða síma.

Möguleikar til að stunda rannsóknir út frá kenningum um „hrif“ (affect) eru því óteljandi eins og berlega hefur komið fram í ýmsum alþjóðlegum fagritum undanfarin ár. Þetta á ekki aðeins við innan mann- og félagsvísinda, menningarfræði, margmiðlunarfræði, landafræði, heimspeki, sálfræði, listfræði, og hönnunarfræði, heldur líka náttúruvísinda eins og taugafræði, líffræði og tölvufræði. Kennslumöguleikar eru því óteljandi. Þótt kennslan hér á Hrafnseyri hafi einkum einskorðast við söfn og sýningar, er ekkert því til fyrirstöðu að útvíkka hana. Þannig ætti hún líka að geta náð yfir önnur fræði, svo hún verði þverfagleg.

Allt er þetta spurning um samvinnu við kennara innan háskólanna, bæði hér heima og erlendis, sem hefur verið með eindæmum góð hingað til. Ég vil ég því nota tækifærið hér og þakka prófessor Guðmundi Hálfðanarsyni fyrir þá miklu aðstoð sem hann hefur veitt staðnum síðan hann varð settur í prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar árið 2012. Án hans hjálpar og án þeirra miðla sem prófessorsembættið hefur lagt til Sumarháskólans frá stofnun þess, hefði verið ákaflega erfitt, ef ekki ómögulegt að bjóða námskeið í svo háum gæðaflokki sem raun ber vitni. Dr. Sigurjón B. Hafsteinsson á miklar þakkir skildar fyrir að hafa staðið að safnánámskeiðum hér á staðnum auk þess sem hann alltaf er boðinn og búinn til að aðstoða sumarnámskeiðin á alla lund. Einnig vil ég þakka Hlyni Helgasyni fyrir gott samstarf, en hann kom inn í þetta samstarf fyrir hönd Listadeildar Háskóla Íslands. Þetta á líka við Hildigunni Sverrisdóttur, sem hefur verið ötul við að kynna námskeiðið og Hrafnseyri fyrir nemendum Listaháskóla Íslands. Við stöndum líka í þakkaskuld við dr. Birnu Bjarnardóttur fyrir þátttöku sína í sumarháskóla Hrafnseyrar gegnum árin, ásamt núverandi verkefni sínu um „sköpunarkraft Vestfjarða“. Síðast en ekki síst vil ég þakka Margréti H. Hallmundsdóttur fornleifafræðingi fyrir hennar ópreytandi störf í kennslu og fornleifauppgrefti hér á staðnum.

Fornleifauppgreftur á Hrafnseyri og Auðkúlu.



Eins og undanfarin ár hefur fornleifauppgreftur verið stundaður á Hrafnseyri og Auðkúlu (nágrannabær). Þar hafa 5-8 fornleifafræðingar dvalið á Hrafnseyri við störf sín í senn, u.þ.b. einn mánuð á hverju sumri. Sá merkilegi atburður gerðist hér í ár (2017), að manngerð flóttagöng frá miðöldum fundust. Hér gætu verið komin göng Hrafn Sveinbjarnarsonar og sona hans, eins og munnmæli löngum hafa nefnt. Þetta er vægast sagt stórmerkileg uppgötvun sem gæti aukið aðsókn að staðnum til muna, þegar göngin verða höfð til sýnis fyrir ferðafólk.

Þann 8. september, eða viku eftir að fornleifafræðingarnir fóru frá Hrafnseyri, var safninu lokað, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þegar komið er fram í september má búast við allskonar veðrum og þá getur Hrafnseyrarheiðin auðveldlega lokast. Þetta haust var hins vegar fádæma gott veðurfar og færð yfir á Hrafnseyri greið fram í byrjun nóvember.

Í lok september fór staðarhaldari í sumarfrí. Í byrjun október var tilkynnt um að sækja þyrfti um styrk til afmælisnefndar aldarafmælis fullveldis og sjálfstæðis Íslands fyrir tónverki Halldórs Smárasonar. Ætlunin er að flytja tónverkið á Hrafnseyri næsta sumar. Fyrstu tvær vikurnar af sumarfríinu í október fóru því í vinnu við að gera tvær umsóknir og inngang að þeirri þriðju, sem samin var í félagi við Margréti Hallmundsdóttur fornleifafræðing. Þær voru svo sendar til afmælisnefndarinnar. Þessar sömu umsóknir voru svo endursamdar og sendar inn til Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða í nóvember. Tónverkið og sameiginlega verkefnið fengu styrki, en ekki Sagnabrunnur Vestfjarða.

Tveir fundir voru haldnir með ráðuneytinu í Reykjavík í lok október. Auk þess var fundur haldinn með prófessorunum Guðmundi Hálfðanarsyni og Vilhjálmi Árnasyni í Háskóla Íslands, um vinnustofu þeirra með doktorsnemum á vegum Sumarháskólans á Hrafnseyri í ágúst næsta sumar. Einnig var fundur haldinn með Birnu Bjarnardóttur um ráðstefnu hennar í bókmenntaverkefninu „Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða“, sem hún vinnur að í samvinnu við Hrafnseyri, Háskólasetur Vestfjarða og fleiri aðila. Ákveðið var að flytja ráðstefnu verkefnisins sem átti að vera á Hrafnseyri sumarið 2018 til Ísafjarðar vegna framkvæmda við klæðningu safnahússins á Hrafnseyri á sumri komanda.

Í lok nóvember var fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skilað til ráðuneytisins. Í desember var svo haft samband við formann afmælisnefndar aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands, Einar K. Guðfinnsson. Umræðuefnið var að bjóða forseta Íslands að halda hátíðarræðuna á Hrafnseyri þann 17. júní næsta ár, í tilefni aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands árið 2018.

Jón Laxdal, sem valinn var listamaður Hrafnseyrar 2017, valdi listakonuna Guðrúnu Pálínu Guðmundsdóttur fyrir listakonu Hrafnseyrar árið 2018 (sjá: <https://palinagudmundsdottir.blog.is/blog/palinagudmundsdottir/about/>).

FJÁRMÁL

Frá 1. janúar 2017 heyra málefni Hrafnseyrar undir forsætisráðuneytið sem ber ábyrgð á rekstri og fjárreiðum starfseminnar. Eins og fram kom í ársskýrslu ársins 2016 varð nokkur halli af rekstri ársins eða kr. 1.330.314. Markmið rekstursins á árinu 2017 var að hann yrði innan ramma fjárheimilda, samhliða því að hefðbundnum verkefnum yrði sinnt með verðugum hætti. Við endanlegt uppgjör ársins 2017 varð hinsvegar ljóst að þótt takist hafi að gæta aðhalds í flestum rekstrarþáttum starfseminnar á Hrafnseyri, náðist ekki að vera innan fjárheimilda ársins 2017 sem nemur kr. 319.032.

Kostnaður umfram fjárheimildir frá 2013 er því samtals kr. 1.318.859.

Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu niðurstöður rekstrarþátta ársins í samanburði við sömu þætti síðustu ára:

	2013	2014	2015	2016	2017
Tekjur:					
Framlög, seldar vörur og þjónusta	15.334.523	16.307.993	15.418.754	17.534.904	18.458.971
Gjöld:					
Safn Jóns Sigurðssonar	8.292.990	9.911.225	10.057.728	11.682.726	10.225.913
Þjóðhátíðardagur	584.000	831.775	748.156	686.901	485.237
Viðhaldskostnaður	894.894	1.016.750	2.098.639	2.005.543	1.300.785
Annar rekstrarkostnaður	4.388.588	4.640.297	3.265.741	4.490.048	6.766.068
NIÐURSTAÐA REKSTRAR:					
Rekstrarafgangur / (-Tap)	1.174.051	-92.054	-751.510	-1.330.314	-319.032

Lokaorð

Formlegt samkomulag Hrafseyrar við prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar?

Með fyrirlestri staðarhaldara í byrjun ársins við Lancaster háskólann í Newcastle og eftirfarandi greinaskrif hans í erlent fagtimarit, ásamt undirbúningi og framkvæmd verkefnanna „Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða“, „Sagnabrunn Vestfjarða“, „Hrif“ og sýningar“ og fornleifauppgröft á Hrafseyri, spannar starfssemi Hrafseyrar þetta árið yfir sögulegt, bókmenntalegt, listrænt og félagslegt svið fræðanna. Í þessu sambandi ber að geta þess samstarfs sem Hrafseyri hefur átt við hinar ýmsu deildir og fræðasvið Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands, til að framkvæma þessi verkefni. Varðandi samstarf við erlenda háskóla má nefna Lancaster háskólann í Bretlandi, háskólann í Cork á Írlandi, Millersville háskólann í Pennsilvaníu í Bandaríkjunum og York háskólann í Toronto í Kanada. Það verður því ekki annað sagt en að tenging Hrafseyrar við háskólasamfélagið hér heima og beggja vegna Atlantsálna sé töluvert.

Þetta samstarf Hrafseyrar við háskólastofnanir hérlendis og erlendis, hefur sennilega aldrei orðið að veruleika ef ekki hefðu komið til styrkir frá prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands. Eitt lykilverkefna prófessorsins er einmitt „að halda árlega ráðstefnur og námskeið í sumarháskóla á Hrafseyri með innlendum og erlendum kennurum og fyrirlesurum“, eins og segir í

Þingsályktunartillögunni um prófessorstöðuna. Hingað til hafa hugmyndir að ráðstefnum og námskeiðum sem haldin eru hverju sinni á Hrafnseyri verið settar fram að hausti hvers árs. Þá er einnig óskað eftir styrkveitingu frá prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar fyrir hvert einstakt námskeið eða ráðstefnu. Æskilegt væri að Hrafnseyrar- og prófessorsembættið gerðu með sér formlegan samning um árlega styrkveitingu prófessorsembættisins til starfssemi Sumarháskólans á Hrafnseyri. Slíkur samningur gerði skólanum kleift að skipuleggja starfsemi sína nokkur ár fram í tímann.

Ný Hrafnseyrarnefnd og stefnumótun?

Þegar yfirumsjón staðarins var flutt úr forsætisráðuneytinu yfir í mennta- og menningarmálaráðuneytið um áramótin 2011/2012, var Hrafnseyrarnefnd lögð niður í þáverandi mynd. Í framhaldi af því var ætlunin að stofna nýja Hrafnseyrarnefnd, eins og fram kemur í hátíðarávarpi þáverandi forsætisráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hún flutti á 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri 17. júní 2011. Stofnun þeirrar nefndar kom hins vegar aldrei til framkvæmda og hefur Hrafnseyri því verið stýrt beint úr mennta- og menningarmálaráðuneytinu þau fimm ár sem staðurinn var undir umsjá þess.

1. janúar síðastliðinn var svo yfirumsjón Hrafnseyrar sett undir forsætisráðuneytið. Nú væri kannski tilvalið að stofna nýja Hrafnseyrarnefnd, því það fyrirkomulag sem tíðkast hefur undanfarin fimm ár er varla æskilegt. Nefndin fengi þá tækifæri til að gera nýja heildarstefnumótun fyrir Hrafnseyri og Sumarháskólann á staðnum, sem unnið yrði eftir næstu fimm til tíu árin.

Virðingarfyllst,

Suðureyri, 8. apríl 2018.

Valdimar J. Halldórsson
staðarhaldari.